

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á opnum tollkvótum á svínasiðum.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum á svínakjöti samkvæmt viðauka IV A og 12. gr. tollalaga nr. 88/2005, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<b>Tollskrárn.:</b> <i>Svínakjöt, fryst:</i>			
-- Annað:			
ex0203.2902 Annað - svínasiður með beini	26.02. - 30.04.18	0	162
ex0203.2909 Annað - svínasiður beinlaust	26.02. - 30.04.18	0	205

#### 3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

#### 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. búvörulaga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. A, búvörulaga nr. 99/1993, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. apríl 2018.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. febrúar 2018.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

*Birgitta Kristjánsdóttir.*